

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/384****2024/EES/25/23****frá 03. mars 2021****um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði <sup>(1)</sup>, einkum annarrar undirgreinar 6. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(2)</sup>, einkum 6. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipunum 2002/53/EB og 2002/55/EB er mælt fyrir um almennar reglur í tengslum við heppileika heita yrkja með tilvisun í 63. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2100/94 <sup>(3)</sup>.
- 2) Í samræmi við 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 þarf yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) að telja heiti yrkis heppilegt til að það plöntuyrki fái samþykki. Yrkisheiti telst heppilegt ef ekki er um að ræða hindranir í samræmi við 3. og 4. mgr. þeirrar greinar.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um ítarlegar reglur um beitingu tiltekinna viðmiðana sem settar eru fram í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 er varða heppileika yrkisheita nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda í tengslum við beitingu fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/53/EB og fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/55/EB.
- 4) Yrkisskrifstofa Bandalagsins og aðildarríkin komu á fót sérfræðingahóp sem þróaði og breytti leiðbeiningum um heppileika heita skv. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 („Leiðbeiningar um heiti yrkja“) <sup>(5)</sup>. Rétt þykir, til að tryggja samræmi að því er varðar beitingu viðmiðananna sem kveðið er á um í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94, að kveða á um nánari útlistanir sem eru dregnar af leiðbeiningunum um heiti yrkja.
- 5) Reglugerð (EB) nr. 637/2009 hefur nokkrum sinnum verið breytt. Í ljósi þarfarinnar fyrir að breyta gildandi reglum og fyrir sakir réttarvissu ætti að fella þá reglugerð niður og þessi reglugerð að koma í hennar stað.
- 6) Samþykkja skal heiti yrkis nema það sé óhentugt vegna hindrana. Samkvæmt 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 skal notkun yrkisheitis útilokuð ef þriðji aðili á eldri rétt, vegna erfiðleika við að þekkja það eða endurmiðla því, ef til eru heiti sem eru nákvæmlega eins fyrir annað yrki af sömu eða náskyldri tegund, ef til eru heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað, heitið er líklegt til að valda hneykslun í einhverju aðildarríkjanna eða stríðir gegn allsherjarreglu, ef ruglingur verður vegna sjónrænnar, hljóðfræðilegrar eða hugtakslegrar líkingar eða það er líklegt til að vera villandi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um vernd yrkisréttar í Bandalaginu (Stjtið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10).

(5) Leiðbeiningar yrkisskrifstofu Bandalagsins um heiti yrkja, 1. stjórnarfundur (2018), DOC-AC-2018-1-7.

- 7) Til að veita lögbærum yfirvöldum nægjanlegan tíma til að beita nýju reglunum ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu viðmiðananna sem settar eru fram í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 um heppileika yrkisheita af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda, að því er varðar fyrstu undirgrein 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/53/EB og fyrstu undirgrein 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/55/EB.

##### 2. gr.

##### Heppileiki yrkisheita

1. Yrkisheiti telst heppilegt ef ekki er um að ræða hindranir fyrir tilnefningu þess.
2. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis í tilvikum þar sem:
  - a) notkun yrkisheitisins á yfirráðasvæði Sambandsins er útilokuð þar sem eldri réttur þriðja aðila, sem lagði fram andmæli, er staðfestur eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.,
  - b) yrkisheitið stangast á við landfræðilegar merkingar, upprunatáknanir eða hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni, eins og sett er fram í 2. mgr. 3. gr.,
  - c) yrkisheitið getur valdið notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því, eins og sett er fram í 4. gr.,
  - d) yrkisheitið er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við annað yrkisheiti yfir annað yrki af sömu eða náskyldri tegund sem er fært inn í opinbera skrá yfir yrki eða yfir efni annars yrkis sem hefur verið markaðssett, eins og sett er fram í 5. gr.,
  - e) yrkisheitið getur valdið ruglingi að því er varðar sjónræn, hljóðfræðileg eða hugtaksleg líkindi við heiti yrkis af sömu eða náskyldri tegund, eins og sett er fram í 5. gr.,
  - f) yrkisheitið er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við önnur heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða sem verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf, eins og sett er fram í 6. gr.,
  - g) yrkisheitið er líklegt til að vera villandi eða skapa rugling, eins og sett er fram í 7. gr.

##### 3. gr.

##### Eldri réttur þriðja aðila

1. Það telst vera hindrun vegna eldri réttar þriðja aðila þegar andmæli þriðja aðila, sem er eigandi vörumerkis, vegna tilnefningar yrkisheitis á yfirráðasvæði Sambandsins eru staðfest af lögbæru yfirvaldi. Sú hindrun varðar vörumerki sem:
  - a) hafa verið skráð í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í Sambandinu áður en yrkisheitið var skráð,
  - b) eru nákvæmlega eins og yrkisheitið eða líkjast því og

c) eru skráð fyrir vörur sem samanstanda af sömu eða náskyldri tegund af viðkomandi yrki.

2. Ef um er að ræða landfræðilegar merkingar, upprunatáknarnir eða hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni sem varða landbúnaðarafurðir og matvæli, brennda drykki, kryddvín og vínaforðir sem eldri rétt þriðja aðila skal yrkisheiti í Sambandinu vera útilokað ef yrkisheitið myndi brjóta gegn:

a) ákvæðum 13. eða 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 <sup>(6)</sup>,

b) ákvæðum 103. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(7)</sup>,

c) ákvæðum 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 <sup>(8)</sup>,

d) ákvæði 2. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 <sup>(9)</sup>.

3. Hindrun, sem rýrir heppileika heitis vegna eldri réttar sem um getur í 1. mgr., skal falla niður ef fengist hefur skriflegt samþykki frá handhafa eldri réttarins fyrir notkun heitisins með tilliti til viðkomandi yrkis, að því tilskildu að slíkt samþykki sé ekki til þess fallið að valda ruglingi meðal almennings hvað varðar raunverulegan uppruna afurðarinnar.

4. Ef umsækjandi á eldri rétt á öllu eða hluta af tillögðu yrkisheiti skal 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 gilda að breyttu breytanda.

#### 4. gr.

### **Erfiðleikar við að þekkja eða endurmiðla yrkisheiti**

1. Það telst vera hindrun fyrir því að þekkja eða endurmiðla yrkisheiti þegar yrkisheiti veldur notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því.

2. Yrkisheiti skal teljast valda notendum þess erfiðleikum við að þekkja það eða endurmiðla því í eftirfarandi tilvikum:

a) það samanstendur af eða inniheldur orð í miðstigi eða efsta stigi,

b) það er samsett úr eða í því eru grasafraeðiheiti á tegundum sem eru annaðhvort í hópi nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda sem yrkið tilheyrir,

c) það er samsett úr eða í því eru kynbótahugtök og tæknileg hugtök, nema ef notkun þeirra í samsetningu með öðrum hugtökum myndi ekki koma í veg fyrir að yrkisheitið þekkist sem slíkt,

d) það er eingöngu samsett úr landfræðiheiti sem hefur öðlast orðspor tengt viðkomandi tegund,

e) það er samsett úr stökum bókstaf eða tölustaf eða eingöngu tölustöfum, nema þetta standi fyrir viðtekna venju við tilnefningu tiltekinna yrkja,

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brennda drykkja, notkun heita brennda drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1).

- f) það er samsett úr eða í því eru of mörg orð eða þættir, nema orðanna hljóðan geri það auðþekktanlegt,
- g) það inniheldur greinarmerki eða annað ták, blöndu af hástöfum og lágstöfum (nema þegar fyrsti bókstafurinn er hástafur og aðrir bókstafir í heitinu eru lágstafir), upp- eða niðurskrifuð ták eða mynstur eða myndræn ták (nema úrfellingarmerki (^), kommu (,), allt að tvö upphrópunarmerki (!) sem ekki standa saman, punkt (.), eða bandstrik (-), rétt skástrik (/) eða öfugt skástrik(\)),
- h) það er samsett úr eða í því eru upp- eða niðurskrifuð ták eða mynstur, kennimerki eða myndræn ták.

5. gr.

**Heiti sem er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við heiti annars yrkis**

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar það er nákvæmlega eins og eða hægt að rugla því saman við:
  - a) annað yrkisheiti yfir annað yrki af sömu tegund eða náskyldri tegund sem er fært inn í opinbera skrá yfir yrki eða
  - b) yrkisheiti yfir efni annars yrkis sem hefur verið markaðssett í aðildarríki eða á yfirráðasvæði samningsaðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,

nema hitt yrkið sé ekki lengur til staðar og heiti þess hafi ekki lengur neina sérstaka merkingu.

2. Lögbæra yfirvaldið skal, til að ganga úr skugga um hvort ruglingur sé til staðar að því er varðar efni 1. mgr., byrja á því að greina alla sjónræna, hljóðfræðilega og hugtakslega þætti sérstaklega og leggja síðan mat á heildarmyndina, einnig með tilliti til heita á yrkjum af sömu eða náskyldum tegundum, að því tilskildu að yrkin, sem um er að ræða í þessari málsgrein eða 1. mgr., njóti annaðhvort verndar yrkisréttar eða sótt hafi verið um hann fyrir þau, eða þau hafi verið viðurkennd opinberlega til markaðssetningar, á yfirráðasvæði eins af eftirfarandi:

- a) Sambandsins,
- b) Evrópska efnahagssvæðisins,
- c) samningsaðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,
- d) aðila að Efnahags- og framfarastofninni (OECD).

3. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „náskyldar tegundir“: þær tegundir sem eru tilgreindar í viðaukanum,
- b) „opinber skrá yfir yrki“: sameiginleg skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði sem um getur í 17. gr. tilskipunar 2002/53/EB eða í 17. gr. tilskipunar 2002/55/EB eða í skrá OECD yfir yrki eða í yrkjaskrá aðila að Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja,
- c) „yrki sem er ekki lengur til“: yrki sem ekki er lengur til efni úr,
- d) „yrki með heiti sem hefur ekki lengur neina sérstaka merkingu“: þegar heiti yrkis, sem hefur verið fært í opinbera skrá yfir yrki, telst hafa glatað sérstakri merkingu sinni þegar liðin eru 10 ár frá því að því var eytt úr skránni, nema þegar um undantekningartilvik er að ræða.

6. gr.

**Heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað**

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar yrkisheiti er nákvæmlega eins og eða hægt er að rugla því saman við heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða verður að halda fráteknum samkvæmt annarri lögjöf.

2. Heiti sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf skulu vera:

- a) gjaldmiðlaheiti,
- b) hugtök sem hafa tengingu við mál og vog,
- c) orðalag og hugtök sem ekki skal nota í öðrum tilgangi en þeim sem gert er ráð fyrir í löggjöf Sambandsins eða aðildarríkis.

7. gr.

#### Villandi inntak

1. Það telst vera hindrun fyrir tilnefningu yrkisheitis þegar það er líklegt til að vera villandi eða það skapar rugling varðandi eiginleika, gildi eða auðkenni yrkisins, eða deili á ræktandanum eða nokkrum öðrum málsaðila.

2. Yrkisheiti skal teljast líklegt til að vera villandi eða skapa rugling ef:

- a) það gefur ranglega til kynna að yrkið sé skylt eða dregið af öðru tilteknu yrki,
- b) það gefur ranglega til kynna að yrkið hafi tiltekinn eiginleika eða tiltekið gildi,
- c) það vísar til tiltekins eiginleika eða tiltekins gildis þannig að það gefur ranglega til kynna að einungis þetta yrki hafi til að bera þennan tiltekna eiginleika eða tiltekna gildi, þegar raunin er sú að önnur yrki af sömu tegund kunna að búa yfir sömu eiginleikum eða sama gildi,
- d) það líkist vel þekktu vöruheiti öðru en skráða vörumerkinu eða yrkisheitinu,
- e) það gefur til kynna að um annað yrki sé að ræða,
- f) það gefur ranglega til kynna um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem ræktar það,
- g) það samanstendur af eða inniheldur:
  - i. orð í miðstigi eða efsta stigi sem getur villt fyrir um að því er varðar eiginleika yrkisins,
  - ii. grasafræðiheiti eða almennt heiti á tegundum sem er annaðhvort í hópi nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetis-tegunda, sem yrkið tilheyrir,
  - iii. heiti einstaklings eða lögaðila, eða tilvísun til slíks, sem gefur ranglega til kynna um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem ræktar það,
- h) það inniheldur landfræðilegt heiti sem er telja má líklegt til að villa um fyrir notandanum að því er varðar eiginleika eða gildi vegna ræktunar og notkunar á yrkinu.

8. gr.

#### Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 637/2009

Reglugerð (EB) nr. 637/2009 er felld úr gildi.

Hún skal þó gilda áfram um yrkisheiti sem umsækjandi hefur lagt til við lögbæra yfirvaldið til samþykkis þess fyrir 1. janúar 2022.

9. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 03. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

## Skilgreining á náskyldum tegundum í skilningi 3. mgr. 5. gr.

Að því er varðar skilgreiningu á „náskyldum tegundum“, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., gildir eftirfarandi:

- ef fleiri en einn flokkur er innan ættkvíslar gildir skráin yfir flokka í I. hluta,
- ef flokkar ná yfir fleiri en eina ættkvísl gildir skráin yfir flokka í II. hluta,
- almennt er litið svo á, að því er varðar ættkvíslir og tegundir sem falla ekki undir skrá yfir flokka í I. og II. hluta, að ættkvísl sé flokkur.

## I. HLUTI

## FLOKKAR INNAN ÆTTKVÍSLAR

Flokkar	Grasafræðiheiti
Flokkur 1.1:	<i>Brassica oleracea</i>
Flokkur 1.2:	<i>Brassica</i> , þó ekki <i>Brassica oleracea</i>
Flokkur 2.1:	<i>Beta vulgaris</i> L. var. <i>alba</i> DC., <i>Beta vulgaris</i> L. var. <i>altissima</i>
Flokkur 2.2:	<i>Beta vulgaris</i> ssp. <i>vulgaris</i> var. <i>conditiva</i> Alef. (syn.: <i>B. vulgaris</i> L. var. <i>rubra</i> L.), <i>B. vulgaris</i> L. var. <i>cicla</i> L., <i>B. vulgaris</i> L. ssp. <i>vulgaris</i> var. <i>vulgaris</i> .
Flokkur 2.3:	<i>Beta</i> , þó ekki flokkar 2.1 og 2.2
Flokkur 3.1:	<i>Cucumis sativus</i>
Flokkur 3.2:	<i>Cucumis melo</i>
Flokkur 3.3:	<i>Cucumis</i> , þó ekki flokkar 3.1 og 3.2
Flokkur 4.1:	<i>Solanum tuberosum</i> L.
Flokkur 4.2:	Tómatar og grunnstofnar tómata: — <i>Solanum lycopersicum</i> L. ( <i>Lycopersicon esculentum</i> Mill.) — <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg ( <i>Lycopersicon cheesmaniae</i> L. Riley) — <i>Solanum chilense</i> (Dunal) Reiche ( <i>Lycopersicon chilense</i> Dunal) — <i>Solanum chmielewskii</i> (C.M. Rick et al.) D.M. Spooner et al. ( <i>Lycopersicon chmielewskii</i> C. M. Rick et al.) — <i>Solanum galapagense</i> S.C. Darwin & Peralta ( <i>Lycopersicon cheesmaniae</i> f. <i>minor</i> (Hook. f.) C. H. Müll.) ( <i>Lycopersicon cheesmaniae</i> var. <i>minor</i> (Hook. f.) D. M. Porter) — <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner ( <i>Lycopersicon agrimoniifolium</i> Dunal) ( <i>Lycopersicon hirsutum</i> Dunal) ( <i>Lycopersicon hirsutum</i> f. <i>glabratum</i> C. H. Müll.) — <i>Solanum pennellii</i> Correll ( <i>Lycopersicon pennellii</i> (Correll) D'Arcy) — <i>Solanum peruvianum</i> L. ( <i>Lycopersicon dentatum</i> Dunal) ( <i>Lycopersicon peruvianum</i> (L.) Mill.) — <i>Solanum pimpinellifolium</i> L. ( <i>Lycopersicon pimpinellifolium</i> (L.) Mill.) ( <i>Lycopersicon racemigerum</i> Lange) og blendingar þessara tegunda.
Flokkur 4.3:	<i>Solanum melongena</i> L.
Flokkur 4.4:	<i>Solanum</i> , þó ekki flokkar 4.1, 4.2 og 4.3

## II. HLUTI

## FLOKKAR SEM NÁ YFIR FLEIRI EN EINA ÆTTKVÍSL

<b>Flokkar</b>	<b>Grasafræðiheiti</b>
Flokkur 201:	<i>Secale, Triticosecale, Triticum</i>
Flokkur 203 (*):	<i>Agrostis, Dactylis, Festuca, Festulolium, Lolium, Phalaris, Phleum og Poa</i>
Flokkur 204 (*):	<i>Lotus, Medicago, Ornithopus, Onobrychis, Trifolium</i>
Flokkur 205:	<i>Cichorium, Lactuca</i>

(\*) Flokkar 203 og 204 eru ekki eingöngu ákveðnir á grundvelli náskyldra tegunda